

144

21. ágúst

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal falin fimm mönnum, kosnum af aðalfundi FÍS árlega. Auk þess skal kjósa þrjá varamenn í stjórnina. Skal meiri hluti stjórnarinnar, eða a. m. k. 3 af 5, skipaðir konum.

Stjórnarmenn skipta sjálfir með sér verkum. Skulu þeir sjá um ávöxtun sjóðsins og hafa með höndum daglegan rekstur hans. Stjórnin skal gera árlega reikning um tekjur og gjöld sjóðsins á árinu og efnahag hans í árslok. Skulu reikningar þessir endurskoðaðir af endurskoðendum FÍS og lagðir árlega fyrir aðalfund félagsins til samþykktar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

145

21. ágúst

AUGLÝSING

um skrásetningargjald bifreiða.

Samkvæmt heimild í 14. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 hefur dómsmálaráðherra ákveðið, að gjald til ríkissjóðs fyrir skrásetningu bifreiða og bifhjóla skuli vera kr. 75.00. Ber eiganda að greiða hlutaðeigandi lögreglustjóra gjaldið, er skrásetning eða umskráning fer fram.

Ákvæði auglýsingar þessarar ganga í gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 21. ágúst 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

146

21. ágúst

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 198 frá 1943, um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðastjóra.

1. gr.

Í stað orðanna „40 króna árlegt gjald“ í 1. mgr. 1. gr. komi: 60 króna árlegt gjald, — og í stað orðanna „10 krónur fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi“ í 2. mgr. 1. gr. komi: 15 krónur fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi.

2. gr.

Í stað „kr. 40.00“ í 2. gr. komi: kr. 75.00.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 21. ágúst 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.